

Skrifstofa stefnumótunar og eftirfylgni
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2025
E-2025-008/00.11

Efni: Umsögn um skýrslu starfshóps um endurskoðun á lögum um rammaáætlun

Vísað er til máls nr. S-235/2024 sem auglýst er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Landsvirkjun hefur lengi bent á nauðsyn þess að endurskoða rammaáætlun og fagnar því að nýr ráðherra umhverfis-, orku og loftslagsmála hafi tilkynnt áform um áframhald á endurskoðun rammaáætlunar og að breytinga sé að vænta frá framlögðu frumvarpi starfshópsins. Landsvirkjun fagnar því einnig að í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar sé boðað til aðgerða til að auka orkuöflun, styrkja flutningskerfið og bæta orkunýtni til að styðja við orkuskipti og verðmætasköpun. Mikilvægt er að skilningur ríki um það orsakasamhengi sem aukin orkuöflun er varðandi þessi markmið.

Þó ýmsar jákvæðar tillögur að breytingum komi fram í framlögðu frumvarpi telur Landsvirkjun ljóst að frekari tækifæri til endurskoðunar séu til staðar. Brýnt er að það óskilvirka, kostnaðarsama og óskýra leyfisveitingarferli raforkuvinnslu sem nú er við lýði verði endurskoðað í heild sinni. Afleiðingar þessa þunga og flókna ferlis eru m.a. að vegið er að orkuöryggi og alþjóðlegum skuldbindingum stjórnvalda í loftslagsmálum ásamt því að þrengt er að tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar og nýliðunar innan orkugeirans.

Hvað varðar framlagt frumvarp starfshópsins tekur Landsvirkjun undir tillögu að markmið laga 48/2011 skuli fela í sér tillit til markmiða og skuldbindinga stjórnvalda um loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, orkuöryggi og orkuskipti. Mikilvægt er að sterkar tengingar séu milli raforkuþarfar og ákvarðanatöku um framboð á raforku og tekur Landsvirkjun undir að jákvætt væri að setja markmið um heildarorkuvinnslu til ákveðins tíma.

Landsvirkjun er einnig sammála því að betur fari að rammaáætlun sé samfelluverkefni sem skili tillögum að flokkun virkjunarkosta mun tíðar en á 4. ára fresti. Tíðari framlagning virkjunarkosta hefur möguleika á að stuðla að hraðara ferli. Jákvætt er að tækifæri til einföldunar og styttingar leyfisferlisins verði nýtt s.s. með fastsettum tímafrestum stofnanna, framlagningar ráðherra á tillögum verkefnastjórnar til Alþingis ásamt styttingu á frestunarákvæði sveitafélaga. Landsvirkjun bendir á að hér sé hægt að taka frekari skref til einföldunar og styttingar ferlisins, en gagnlega aðferðarfræði að skilvirkara ferli er að finna í EES tækri Evrópulöggjöf sem og í Noregi. Verði hlutverk rammaáætlunar áfram að veita vernd gegn nýtingu landsvæða, sé það skýrt að sú verndun afmarkist af vel skilgreindu áhrifasvæði framkvæmda fyrir framlagðra virkjunarkosti.

Hvað varðar frumvarpið er Landsvirkjun ekki sammála þeirri fullyrðingu sem fram kemur á bls. 23 í skýrslu starfshópsins að „ekki hafi komið fram svo veigamikil gagnrýni á faglega hluta þessa ferlis að það réttlæti að leggja áætlunina af“ og að gagnrýni hafi „einkum snúið að þáttum sem átt hafa sér stað eftir að verkefnisstjórn rammaáætlunar hefur skilað tillögum sínum af sér“.

Landsvirkjun hefur þvert á móti, við margvísleg tækifæri, bent á fjölmarga og alvarlega annmarka við vinnslu og framfylgd áætlunarinnar s.s. skort á gögnum við flokkun virkjunarkosta ásamt aðferðarfræði faghópa og að við flokkun virkjunarkosta hafi þannig eingöngu verið tekið tillit til niðurstaðna frá faghópum 1 og 2 og t.d. alveg horft framhjá arðsemi og samfélagsáhrifum mismunandi virkjunarkosta.

Standi vilji stjórnvalda til breytinga á framlögðu frumvarpi telur Landsvirkjun skynsamlega nálgun að horfa til viðeigandi fordæma frá nágrannalöndum okkar. Væri þannig nærtækt að horfa til hinnar svokölluðu „norsku leiðar“ sem eðlilegs framgangs rammaáætlunar hér á landi, sem og til þeirrar framþróunar sem átt hefur sér stað í evrópsku lagaumhverfi. Í þessu samhengi bendir Landsvirkjun einnig á framþróun á íslensku laga- og reglugerðarverki og þá sér í lagi setningu laga 60/2013 um náttúruvernd.

Helstu ábendingar Landsvirkjunar hvað varðar áframhaldandi endurskoðun rammaáætlunar eru:

1. Leggja þarf mat á orkupörf samfélagsins til a.m.k. næstu 25 ára, tryggja nægjanlegt úrval af raunhæfum virkjunarkostum í orkunýtingarflokk og taka ekki ákvarðanir um útilokun kosta sem samfélagið mun þurfa á að halda í framtíðinni. Jafnhliða þarf að taka tillit til langs undirbúningstíma virkjana , staðbundinnar orkuþarfar og flutningstakmarkana.
2. Mikilvægt er að ákvörðunartökuferli um nýtingu náttúruauðlinda til raforkuvinnslu einkennist af skýrum stjórnsýslureglum og stjórnfestu. Tryggja þarf fullnægjandi gagnaöflun til mats á virkjunarkostum ásamt faglegri, skýrri og samanburðarhæfri aðferðarfræði faghópa. Grunnrannsóknir ættu frekar að fara fram hjá viðeigandi fagstofnunum en verkefnisstjórn rammaáætlunar.
3. Ákvörðunartökuferli taki mið af lagalegri framþróun og reynslu nágrannalanda í Noregi og Evrópu. Eðlilegra væri ef friðlýsing færi fram á forsendum náttúruverndar en ekki vernd gegn orkunýtingu og gæti þannig verndarflokkur áætlunarinnar fallið niður eða verið sameinaður biðflokki.
4. Tryggja þarf að krafa um áhrifamat á vatnshlot sem sett er fram í frumvarpi sé rétt tímasett, fylgi meðalhófi og sé eðlileg með tilliti til umfangs og kostnaðar

Hér að neðan má finna nánari umfjöllun um tillögur Landsvirkjunar að frekari endurskoðun rammaáætlunar. Hvað varðar framlagt frumvarp bendir Landsvirkjun sérstaklega á athugasemdir sínar sem fram koma í áherslupunkti 4 og snúa að kröfu sem sett er fram í frumvarpi um áhrifamat á vatnshlot.

Athugasemdir og tillögur Landsvirkjunar varðandi endurskoðun á rammaáætlun

- 1. Leggja þarf mat á orkupörf samfélagsins til a.m.k. næstu 25 ára, tryggja nægjanlegt úrval af raunhæfum virkjunarkostum í orkunýtingarflokk og taka ekki ákvarðanir um útilokun kosta sem samfélagið mun þurfa á að halda í framtíðinni. Jafnhliða þarf að taka tillit til langs undirbúningstíma virkjana , staðbundinnar orkuþarfar og flutningstakmarkana.**

Mat á orkupörf samfélagsins til lengri tíma sé forsenda þess að virkjunarkostir séu færðir í nýtingarflokk

Mikilvægt er að langtíma áætlanagerð og leyfisveitingaferli raforkuvinnslu styðji við orkupörf og orkuöryggi til lengri tíma. Sú orkupörf sem lönd Evrópu horfa fram á - með ákalli

um orkusjálfstæði, orkuöryggi og aukningu í vinnslu endurnýjanlegrar orku - er ekki svo ólík þeim veruleika sem við okkur Íslendingum blasir. Innlendur raforkuskortur hefur raungerst og eru allar spár samhljóða um mikla aukningu í raforkuþörf á næstu áratugum. Samkvæmt raforkuspá Landsnets er gert ráð fyrir að tvöfalda þurfi núverandi raforkuvinnslu eigi að ná markmiðum um full orkuskipti ásamt því að standa undir almennum vexti í þjóðfélaginu.

Tryggja þarf og formfesta hlutverk stjórnvalda í að hafa yfirsýn yfir stöðu virkjunarkosta sem eru í þróun svo orkuþörf framtíðarinnar verði fullnægt. Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af raforkuþörf samfélagsins til lengri tíma og styðji við að nægilegt nýtt framboð verði til staðar. Æskilegt er að sett verði tímasett markmið um áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu, jafnvel sundurliðað niður á einstakar tegundir auðlinda líkt og fram kemur í kafla 6.1.3. í skýrslu starfshóps. Mikilvægt er að hafa í huga staðbundna orkuþörf en vegna takmarkana í flutningskerfi geta virkjunarkostir á Norðurlandi t.a.m. ekki mætt orkuþörf á Suðurlandi.

Mikilvægt er að taka ekki ákvarðanir um útilokun kosta sem samfélagið mun þurfa til lengri tíma

Landsvirkjun vill benda á að hugsa þurfi til framtíðar í orkumálum. Sé horft til lengri tíma er ljóst að ekki eru allir þeir kostir sem nú eru flokkaðir í nýtingarflokk raunhæfir á næstu árum. Nýtingarflokkur núgildandi rammaáætlunar mun ekki nægja til að halda í við eftirspurn en samkvæmt nýlegri raforkuspá Landsnets er líklegt að eftirspurn fari fram úr miðspá um eftirspurn árið 2048 og háspá árið 2040. Gæta þarf að í nýtingar- og biðflokki rammaáætlunar séu virkjunarkostir sem uppfylli eftirspurn eftir raforku til næstu áratuga. Landsvirkjun hefur áður bent á að skynsamlegt væri að stækka frekar biðflokk rammaáætlunar en að vega að orkuöryggi framtíðar með því að setja kosti í vernd. Mætti hér t.d. minnast á virkjunarkosti utan eldvirkra svæða s.s. Skatastaði eða virkjunarkosti sem hefðu möguleika til mikillar hagkvæmni s.s. Kjalölduveitu.

2. Mikilvægt er að ákvörðunartökuferli um nýtingu náttúruauðlinda til raforkuvinnslu einkennist af skýrum stjórnsýslureglum og stjórnfestu. Tryggja þarf fullnægjandi gagnaöflun til mats á virkjunarkostum ásamt faglegri, skýrri og samanburðarhæfri aðferðarfræði faghópa. Grunnrannsóknir ættu frekar að fara fram hjá viðeigandi fagstofnunum en verkefnisstjórn rammaáætlunar.

Skýrar stjórnsýslureglur og stjórnfesta einkenni rammaáætlunarferli sem og önnur leyfisveitingarferli raforkuvinnslu

Landsvirkjun hefur áður bent á mikilvægi þess að stjórnfesta og fyrirsjáanleiki einkenni leyfisveitingaferli raforkuvinnslu, að valdsvið ólíkra leikenda sé skýrt og þess gætt að stofnanir skapi ekki vanhæfi við afgreiðslu mála á síðari stigum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að stjórnsýslustofnun sem síðar tekur stjórnvaldsákvörðun sem leyfisveitandi ber að gæta hlutleysis á fyrri stigum málsmeðferðar. Aðkoma leyfisveitanda á fyrri stigum þjónar alla jafna þeim tilgangi að koma á framfæri leiðbeiningum til handa framkvæmdaraðila um hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar leyfisveitandanum til að hægt sé að taka ákvörðun í málinu á síðari stigum þess. Bein þátttaka eða verkefnastýring á einkunnagjöf á einstaka eðlisþáttum yrði því að vera í höndum einhverrar annarrar stofnunar en þeirrar er veitir á endanum leyfi fyrir framkvæmdinni.

Landsvirkjun telur æskilegt að stjórnsýslureglur nái til alls ferlisins og að aðilar máls hafi rétt á að láta reyna á ákvarðanir verkefnisstjórnar sem í dag er litið á að falli utan við ákvæði stjórnsýslulaga. Tryggja þarf að til staðar séu skýrar reglur um málshraða, jafnræði og hæfi. Í framkomnu frumvarpi er fjallað um undanþáguvald ráðherra varðandi matsskyldar rannsóknir þegar virkjunarkostur er í biðflokki. Ráðherra er hér veitt umtalsvert vald en

mögulega ætti slík aðgerð að vera kæránleg ákvörðun gagnvart málsaðila og ætti frekar heima hjá stjórnarsýslustofnun.

Tryggja þarf að flokkun virkjunarkosta byggji á fullnægjandi gögnum og aðferðarfræði faghópa sé fagleg og samanburðarhæf

Líkt og áður kemur fram hefur Landsvirkjun um árábil bent á fjölmarga annmarka í ferli áætlunarinnar. Má þar fyrst nefna að flokkun virkjunarkosta hefur byggt á forsendum sem ekki eru fullnægjandi eða í samræmi við lög nr. 48/2011. Við flokkun virkjunarkosta hefur eingöngu verið tekið tillit til niðurstaðna frá faghópum 1 og 2 og t.d. alveg horft framhjá arðsemi og samfélagsáhrifum mismunandi virkjunarkosta (faghópar 3 og 4), þó svo að skýrt komi fram í lögnum að horfa til allra þeirra þátta sem faghóparnir byggja á.

Dæmi eru um að aðferðarfræði einstaka faghópa taki breytingum á milli áfanga sem gerir samanburð ómarktækan. Landsvirkjun telur mikilvægt að skoða gaumgæfilega aðferðarfræði faghópa og að hún haldi sér á milli áfanga, að öðrum kosti er ekki hægt að bera saman virkjanakosti á milli áfanga.

Aðferðarfræði faghópa getur haft gríðarleg áhrif á afdrif einstakra virkjunarkosta og má benda á Búrfellslund, sem nú er kominn til framkvæmda, sem dæmi. Verkefnisstjórn 3. áfanga flokkaði Búrfellslund upphaflega í biðflokk á grundvelli hárrar áhrifaeinkunnar á ferðamennsku og útivist sem grundvallaðist í hversu víðtækt áhrifasvæði faghópur 2 skilgreindi og hve mörg áhrifasvæði eru á Suðurlandi samanborið við aðra landshluta. Sú forsenda sem faghópurinn vann út frá var að upplifun ferðamanna sé ekki einungis staðbundin heldur lifi áfram út ferðalagið hvert sem haldið er. Þessi forsenda leiðir til þess að skilgreint áhrifasvæði nær yfir 20 ferðasvæði í allt að 160 km fjarlægð í öðrum landshluta. Landsvirkjun taldi þetta umtalsvert ofmat á neikvæðri upplifun ferðamanna.

Landsvirkjun ítrekar mikilvægi þess að faghópar og verkefnisstjórn starfi samkvæmt vel skilgreindum forsendum með sterkri tengingu í markmið laga 48/2011 og að niðurstöður þeirra séu samanburðarhæfar milli áfanga.

Heimili mikilvægra grunnrannsóknna hjá fagstofnunum fremur en hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að einn af helstu kostum rammaáætlunar sé að stuðlað hafi verið að mikilvægum grunnrannsóknum sem enn sé þörf á: „Starf verkefnisstjórnar og faghópa hefur stuðlað að mikilvægum rannsóknum sem enn sér ekki fyrir endann á. Tilurð þessa ferlis er til þess fallin að stuðla að mikilvægum grunnrannsóknum á ýmsum sviðum. Þörf er á slíkum rannsóknum og telja verður mun líklegra að ráðist sé í þær ef um miðlæga nálgun er að ræða frekar en á vettvangi margra mismunandi aðila.“ Landsvirkjun tekur undir að mikið rannsóknastarf hafi verið unnið á þeim svæðum þar sem framkvæmdaðilar hafi lagt fram virkjanakosti til umfjöllunar. Það hefur leitt til þess að þau svæði eru oft á tíðum mjög vel rannsökuð á meðan náttúrfar á svæðum sem gætu jafnvel haft meira mikilvægi fyrir náttúruvernd er óþekkt/minna þekkt. Þarna skapast ójafnvægi í þekkingu á náttúru landsins út frá áhuga á orkuvinnslu frekar en náttúruvernd. Niðurstöður rammaáætlunar bera keim af þessu.

Bent er á að stofnun sem tæki við rammaáætlun eða verkefnastjórn rammaáætlunar, ef það fyrirkomulag verður áfram, getur leitað til fag- og rannsóknastofnana í stað þess að faghópar kaupi rannsóknarvinnu. Mögulegt er að faghópar væru óþarfir en hægt er að óska eftir gögnum frá viðkomandi stofnunum. Ríkið rekur fjölda stjórnsýslu- og rannsóknastofnana. Það eru til að mynda Náttúrufræðistofnun, Veðurstofa, Hafrannsóknastofnun (Haf og vatn), Náttúrustofur, Land og Skógur, Hagstofu Íslands,

Ferðamálastofu, Seðlabanka Íslands, Umhverfis- og orkustofnun og HMS auk rannsóknastarfsemi í háskólum landsins. Þar liggur fyrir viðtæk þekking á náttúrufari landsins og þeim þáttum sem máli skipta varðandi mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum framkvæmda. Þær stofnanir eru einnig prýðilega í stakk búna til að forgangsraða rannsóknum til að afla grunnþekkingar sem nýtast þegar meta á nýtingu lands, til dæmis til orkuöflunar. Ætla má að þá skapist einnig meira jafnvægi í rannsóknum á náttúrufari og samfélagi með tilliti til verndunar eða nýtingar.

3. Ákvörðunartökuferli taki mið af lagalegri framþróun og reynslu nágrannalanda í Noregi og Evrópu. Eðlilegra væri ef friðlýsing færi fram á forsendum náttúruverndar en ekki vernd gegn orkunýtingu og gæti þannig verndarflokkur áætlunarinnar fallið niður eða verið sameinaður biðflokki.

Að rammaáætlun verði samræmd við viðeigandi Evrópulöggjöf sem miða að aukningu endurnýjanlegrar orkuvinnslu til að tryggja orkuöryggi og loftslagsmarkmið

Landsvirkjun hefur áður minnst á EES tæka löggjöf Evrópusambandsins sem felur í sér hugmyndafræði og aðferðir til að greiða götu endurnýjanlegrar orkuvinnslu. Landsvirkjun hvetur til samræmingar við þá löggjöf, sér í lagi þriðju endurskoðun tilskipunar um endurnýjanlega orkuvinnslu, RED III. Löggjöfin innleiðir m.a. hugtak um forgang endurnýjanlegra orkuvinnsluverkefna vegna *brýnna almannahagsmuna* ásamt því að gera ráð fyrir því að leyfisveitingarferli endurnýjanlegrar orkuvinnslu skuli að hámarki taka tvö ár. Gagnlega fyrirmynd að skilvirkara ferli má einnig finna í Noregi.

Friðlýsing fari fram á forsendum náttúruverndar en ekki vernd gegn orkunýtingu. Verndarflokkur áætlunarinnar gæti þannig fallið niður eða verið sameinaður biðflokki.

Landsvirkjun telur að mikilvægt að greina á milli áforma um orkunýtingu annars vegar og náttúruverndar hins vegar. Landsvirkjun bendir á að í meginreglum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og jarðfræði landsins. Enn fremur segir í 35. gr. sömu laga um val minja á náttúruminjaskrá skuli leggja áherslu á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að því að verndarmarkmið náist. Við val minja á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er m.a. horft til hversu mikil hætta er á minjum verði raskað, hvers konar minjum brýnast er að bæta í net verndarsvæða hverju sinni, hvort tiltekin vistgerð eða tegund sé mikilvægt eða í útrýmingarhættu.

Að mati Landsvirkjunar færi betur að taka heildstætt mat á verndarþörf svæða sem nú eru flokkuð í verndarflokk rammaáætlunar, og byggja ákvarðanir um friðlýsingu á meginreglum laga um náttúruvernd og því friðlýsingarferli sem lög um náttúruvernd gera ráð fyrir. Landsvirkjun bendir þessu til stuðnings á að friðlýsingarflokkar í náttúruverndarlögum byggja að miklu leyti á flokkum Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) en friðlýsing svæða í verndarflokki rammaáætlunar stinga í stúf við leiðbeiningar samtakanna. Því færi að mati Landsvirkjunar betur að verndarflokkur falli niður eða að hann verði sameinaður biðflokki rammaáætlunar. Þá fela friðlýsingaráform í gegnum framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár enn fremur í sér ríka aðkomu fagstofnanna, framkvæmdavalds og löggjafans sem og opið samráð. Landsvirkjun bendir máli sínu til stuðnings á umfjöllun um „norsku leiðina“ í skýrslu starfshópsins. Þar kemur fram að Stórþingið samþykkti áætlun þar sem virkjanakostir voru flokkaðir í tvo flokka (voru áður 3 flokkar), þ.e. virkjanir sem geta farið í leyfisveitingarferli annars vegar og hins vegar verkefni sem geta sem stendur ekki farið í leyfisveitingarferli. Þetta geta verið kostir sem eru taldir óhagkvæmari en þeir sem eru í flokki I eða þarf að rannsaka frekar og geta því ekki farið í leyfisveitingarferli að svo stöddu.

Þegar horft er til rammaáætlunar okkar Íslendinga gætu þessi flokkar verið orkunýtingarflokkur og biðflokkur.

4. Tryggja þarf að krafa um áhrifamat á vatnshlot sem sett er fram í frumvarpi sé rétt tímasett, fylgi meðalhófi og sé eðlilegt með tilliti til umfangs og kostnaðar

Í skýrslu starfshópsins er fjallað um áhrif á vatn en nokkurs ruglings virðist gæta á milli annars vegar vatnalaga 15/23 og hins vegar laga um stjórn vatnamála 36/2011. Lagt er til í skýrslu nefndarinnar að fram fari mat á áhrifum á vatnshlot áður en virkjunarkostir eru flokkaðir í nýtingaflokk rammaáætlunar. Í desember síðastliðnum komu fram á vef Umhverfisstofnunar leiðbeiningar um slíkt áhrifamat. Er matið yfirgripsmikið og krefst mjög ítarlegar greiningar- og rannsóknarvinnu. Slíkt mat á miklu fremur heima við mat á áhrifum framkvæmda á umhverfi líkt og er í öðrum Evrópulöndum. Óeðlilegt er að slíkt eigi sér stað þegar virkjunarkostur fer til umfjöllunar í rammaáætlun.

Á þessu stigi eru virkjanahugmyndir á frumstigi og virkjanakostir langt frá því að vera fullhannaðir. Meðal annars á eftir að fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmda en hluti af því er að fjalla um mögulegar mótvægisáðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif. Eðlilegra væri að til umfjöllunar í rammaáætlun kæmi fram stutt lýsing á mögulegum breytingum á vatnshlotum, bæði yfirborðsvatnshlotum og grunnvatnshlotum þegar kemur að jarðhitanýtingu, tengdum virkjunarhugmynd án ítarlegra greiningarvinnu. Skýrar leiðbeiningar um slíkt mat þurfa einnig að liggja fyrir svo að ljóst sé hvaða upplýsingar þurfa að liggja fyrir við umfjöllun tengt flokkun virkjanakosta í rammaáætlun. Bent er á að kostir sem fara í nýtingarflokk eiga eftir að fara í umhverfismat og telur Landsvirkjun það ekki í anda meðalhófs að fara fram á áhrifamatið sé tvítekið, fyrst í rammaáætlun og aftur í umhverfismati framkvæmdar. Slíkt kallar á mikla viðbótarvinnu og kostnað af hendi allra hlutaðeigandi; framkvæmdaraðila, faghópa og stofnanna.

Einnig vakna spurningar um að stjórnsýsluaðilar verði vanhæfir hafi þeir fjallað um málefni á fyrri stigum.

Landsvirkjun vill að lokum þakka fyrir tækifærið til umsagnar og hvetur stjórnvöld hafa í huga að við ákvörðunartöku um orkunýtingu sé gætt að heildarmynd samspils endurnýjanlegrar raforkuvinnslu, loftslagsmarkmiða og orkuöryggis. Landsvirkjun er reiðubúin til samtals og aðstoð við stjórnvöld í þessu mikilvæga verkefni sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Jóna Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri Samfélags og Umhverfis